

virðist hafa verið sameinað við fyrst um sinn, verða að vera bundin við ákvörðun fjárlaganna, sje jeg mjer ekki fært að veita nefnda þóknun. **59**
20. marz

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um vegabætur á Holtavörðuheiði.* — Um leið og þjer senduð mjer reikning fyrir vegabótum þeim, er unnar hafa verið í fyrra á Holtavörðuheiði og kostað hafa 1891 kr., hafid þjer, herra amtmaður, í brjefi frá 31. jan. þ. á. lagt það til, að vegabótum þessum verði haldið áfram í sumar; og að til þess verði veittar 1600 kr., telji þjer líklegt að megninu af vegabótunum á fjallinu sjálfu þá verði komið af, jafnvel þótt nokkru fje þurfi að verja til að fullgjöra þá kafla vegarins, sem verið var að gjöra við í sumar er leið. **60**
22. marz

Tillögur þessar eru hjer með samþykktar, og eruð þjer, herra amtmaður, þjónustusamlega beðnir að gjöra þær ráðstafanir, sem á þarf að halda í þessu efni, og senda mjer á sínum tíma skoðunargjörð á því, sem unnið hefir verið, og reikning um kostnað við það.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um vegabætur á Vatnsskarði og Öxnadalsheiði.* — Samkvæmt tillögum sýslunefndanna í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum hefi jeg veitt af fje því, sem nefnt er í 10. gr. C 6 fjárlaganna, 1000 kr. til vegabóta á Öxnadalsheiði, 400 kr. til vegabóta á fjallvegnum yfir Vatnsskarð og 200 kr. til viðurhalds á vegabótum, er áður hafa verið gjörðar á þessum tveimur fjallvegum. Skora jeg þjónustusamlega á yður, herra amtmaður, að hlutast til um, að vegabætur þessar verði unnar á næsta sumri, á sem haganlegastan, traustastan og kostnaðarminnstan hátt, og býst jeg við að fá að afloknu verki skoðunargjörð á því og reikning um kostnaðinn. **61**
24. marz

Auglýsing.

Samkvæmt brjefi ráðgjafans fyrir Ísland frá 7. desember f. á. eru með þessari auglýsingu hin eldri íslenzku ríkismyntar-póstmerki (skildinga-póstmerki) innkölluð með missiris fyrirvara, og verða þann tíma látni í skiptum fyrir þau nýu krónumyntar-póstmerki (aura-póstmerki) á viðkomandi pósthöfðum. **62**
27. marz

Að misseri liðnu skulu öll þau skildinga-póstmerki., er ekki hafa verið innleyst, vera ógild og ónýt.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 27. marz 1877.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

— *Brjef landshöfðingja til biskups um útbýtingu 2000 kr. meðal fátækra brauða.* — Í brjefi frá 3. þ. m. hafid þjer, herra biskup, tekið fram, að eptir að uppbót sú, sem ákveðin var með brjefi landshöfðingja frá 17. janúar f. á. handa Staðar-prestakalli í Aðalvík, hafði verið hækkuð upp í 400 kr., og Kviabekkjar, Svalbarðs, Bergstaða og Reynisþinga prestaköll hafa verið veitt, eins og þau voru bætt með nefndu brjefi, eru enn eptir 800 kr. fyrir árið 1877 af því fje, er 13. gr. A. b. 1. í fjárlögunum til tekur handa fátækustu brauðunum, og leggið þjer til, að þeim verði þannig úthlutað: **63**
5. april

63
5. apríl

til Klyppstaðar	prestakalls	24 kr.
— Stöðvar	—	22 —
— Sandfells	—	46 —
— Fljótshlíðarþinga	—	20 —
— Staðar	— í Grindavík	20 —
— Staðar	— í Ségandafirði	24 —
— Tröllatungu	—	30 —
— Knappstaða	—	20 —
— Hvamms	— í Laxárdal	32 —
— Hvanneyrar	— í Siglufirði	20 —
— Grimseyjar	—	22 —
— Þönglabakka	—	20 —
Ennfremur — Staðar	— í Ségandafirði	300 —
og — Presthóla	—	200 —

en að því er snertir hinar síðast töldu 2 upphæðir, þá sjeu þær bundnar því skilyrði, að um brauðið verði sótt og það veitt fyrir 31. ágúst þ. á., og að sá, sem það hlýtur, taki þar samsumars prestshjónustu á hendur; sje þessi uppbót árleg, meðan hún fæst hjá fjárveitingarvaldinu; en bresti skilyrðin fyrir henni, verði uppbótarfjenu eptir lok ágúst-mánaðar næstkomandi skipt upp meðal fátækra brauða.

Þessar tillögur eru hjer með samþykktar, og eruð þjer beðnir að annast það, er nauðsyn krefur í þessu efni.

SKIPUN OG LAUSN EMBÆTTISMANNA.

Hinn 30. dag janúarmánaðar þóknadist hans hátígn konunginum allramildlegast að skipa prestinn að Reynivöllum sira Þorvald Bjarnarson til að vera prest Melstaðar og Kirkjuhvamssafnaða í Húnavatnssýslu.

Hinn 10. dag janúarmán veitti landshöfðingi presti Brjámslækjar- og Haga safnaða í Barðastrandar-sýslu, sira Þórði Þorgrímssyni, lausn samkvæmt beiðni hans frá þessu embætti frá næstkomandi fardögum, með þeim kjörum, að hann fái í eptirlaun þriðjung af föstum tekjum prestakallsins og eyðjörðina þverá til afnota.

Hinn 17. dag janúarmán skipaði landshöfðingi skrifara biskups, kandidat L árus Halldórsson, til að vera prest Valþjófsstaðar safnaðar í Norðurmúla prófastsdæmi.

16. febrúar skipaði landshöfðingi aðstoðarprest sira Jón Brynjólfsson til að vera prest Stóruvalla Skarðs og Klofa safnaða í Rangárvalla prófastdæmi.

12. marz var leyft prestinum að Stað í Grunnavík, sira Einari Vernharðssyni, sem 27. júlí f. á. var skipaður prestur að Stað í Ségandafirði, að vera kyrr í fyrrnefndu prestakalli, eins og síðarnefnda veitingin hefði ekki átt sjer stað.

26. s. m. setti landshöfðingi amtmann Berg Ólafsson Thorberg ridd. af dbr. og dbrgsm. til að gegna á ábyrgð landshöfðingja störfum hans, meðan hann er fjærverandi á embættisferð til Kaupmannahafnar, með því að forstjóri yfirdómsins hafði fyrir aldurs sakir mælt til þess, að verða undanþeginn þeim störfum.

ÓVEITT EMBÆTTI.

er landshöfðingi hlutast til um:

Fagraness og Sjáfarborgar prestakall í Skagafjarðar prófastsdæmi, metið kr. 500,37, auglýst 2. desbr. f. á. Uppgjafa prestur er í brauðinu, er nýtur sem eptirlauna þriðjungs af föstum tekjum prestakallsins að meðtöldu eptirgjaldi prestsetursins, reka staðarins og uppbót þeirri úr landssjóði, er veitt hefir verið prestakallinu undanfarin ár.

Húsavíkur prestakall í Suðurþingeyjar prófastdæmi, metið kr. 594,64, auglýst 5. desbr. f. á.

Brjámslækjar prestakall í Barðastrandar prófastdæmi, metið kr. 625,41, auglýst 19. jan. þ. á. Uppgjafa prestur er í brauðinu, er nýtur þriðjungs af hinu föstu tekjum prestakallsins og hefir til afnota eyðjörðina þverá.

Staðar prestakall í Ségandafirði í Vestur-Ísafjarðar prófastdæmi, metið kr. 259,18, auglýst 14. marz.

Reynivalla prestakall í Gullbringu- og Kjósar prófastsdæmi, metið kr. 628,39, auglýst 26. marz.